



## Norrænir skjaladagar 2018

### Ávarp forseta Íslands Guðna Th. Jóhannessonar

Reykjavík, 24. maí 2018

Þjóðskjalavörður,  
ríkisskjalaverðir,  
sendiherrar,  
aðrir góðir gestir.

Ég hef þetta ávarp á því að segja að kannski hefur enginn núlifandi forseti í heiminum varið eins mörgum stundum á skjalasöfnum og ég, enginn setið á eins mörgum söfnum hér og þar. Já, kannski hefur enginn forseti átt eins margar og góðar stundir á skjalasöfnum og ég; kannski ann enginn forseti skjalasöfnum eins mikið og ég.

Kæru gestir að utan: Verið velkomnir til Íslands. Ég vona og vænti þess að landar mínir taki vel á móti ykkur, sýni ykkur merka staði og fallega, kynni ykkur sögu lands og þjóðar. Margt er að sjá, frá mörgu að segja. Við megum vera stolt af Íslandi og Íslendingum, því fólki sem hér hefur lifað í meira en þúsund ár.

En við megum reyndar líka vera réttisýn, gagnrýnin og hógvær. Það er bara tilviljun að ég, sem nú gegni embætti forseta Íslands, hef skjalasöfn í hávegum. Þetta er enginn vitnisburður um Ísland sem paradís skjalasafnanna eða paradís ríkisskjalavarðanna og þeirra starfsliðs. Samt getum við nú hiklaust sagt að skjalavarsla sé viðunandi hér á landi, í það minnsta betri en þegar Árni Magnússon var uppi.

Árna þekkið þið eflaust mörg; á sautjándu og átjándu öld safnaði hann fleiri skinnhandritum á Íslandi en aðrir menn fyrr og síðar, og færði til varðveislu í Kaupmannahöfn; við hann er Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum kennd héraendis og Árnasafn ytra. Ég fer auðvitað afar

hratt yfir sögu og vitna ekki í heimildir – það má þegar maður er forseti en ekki fræðimaður! – en á níttjándu öld hófst svo skipuleg söfnun og varðveisla skjala á Íslandi. Um sama leyti hófu menntamenn og fleiri sókn í átt til aukins fullveldis og aukinna réttinda í Danaveldi. Það segir einmitt sína sögu að Jón Sigurðsson, leiðtogi í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga þau misseri, vann nær allan sinn starfsaldur við Árnastofnun í Kaupmannahöfn. Þar stóð hann að útgáfu fornra skjala um sögu Íslands. Í formála fyrsta bindis *Íslensks fornbréfasafns*, sem var gefið út árið 1857 skrifaði Jón: „Skrár, bréf og skjöl eru, eins og allir vita, hinn vissasti og áreiðanlegasti grundvöllur sögunnar í hverju landi sem er.“

Í höndum Jóns og annarra sjálfstæðissinna á níttjándu öld urðu skrárnar, bréfin og skjölin í Kaupmannahöfn að vopni í baráttunni fyrir auknum landsréttindum. „Svo ólíklegt sem það má nú teljast,“ skrifaði alþýðufræðimaðurinn Hallgrímur Sveinsson undir lok síðustu aldar, „stóðu skjalasöfn dönsku stjórnarinnar Jóni nánast opin. Þar átti hann svo til óheftan aðgang að gögnum til að smíða þau vopn sem hann notaði ótæpilega alla tíð.“

Góðir áheyrendur, munum hin þekktu orð Jacques Derrida, að pólitískt vald þrífist ekki án yfirráða yfir skjalasöfnum. Mörg dæmi eigum við um það að valdhafar eyði skjölum, stýri því hverjir fá að kynna sér þau eða birti aðeins þær heimildir sem þeim hentar. Þannig ber *Íslenskt fornbréfasafn* þess glögg merki að útgáfan þjónaði ákveðnum tilgangi, að skapa söguskoðun í anda þjóðernishyggju þeirra tíma. Og þeir sem söfnuðu skjölum hér á landi höfðu greinilega mikinn áhuga á gögnum „merkra manna“ en létu sér frekar fátt um finnast þegar þeir rákust á skrif kvenna.

Skjalasöfn verða að vera öllum opin, þangað á að vera hægt að sækja söguna alla svo að hún verði sögð frá ólíkum sjónarhólum, ekki aðeins af valdatindi heldur einnig með augum hinna kúguðu og undirokuðu, þeirra sem fengu ekki að segja sína sögu á sínum tíma. Með þetta í huga geymum við skjölin og gerum þau aðgengileg.

Auðvitað er það svo að lýsingar á fortíðinni mega ekki einskorðast við ritaðar heimildir einar saman; þá myndu valdhafarnir og ráðandi stéttir, sem skráðu söguna á sínum tíma, móta hana um alla framtíð. Eftir stendur þó ætíð að vitnisburð skjalfestra heimilda er tæpast hægt að draga í efa, þótt vissulega þurfi að túlka þær og ekki sé loku fyrir skotið að gögn séu fölsuð. Já, þá fyrirvara þarf að hafa í huga en samt rifja ég upp hér mína mögnuðustu stund á Þjóðskjalasafni Íslands; þegar ég fékk í hendur dómsúrskurði sem heimiluðu hleranir tiltekinna símanúmera í hita kalda stríðsins. Þá varð ekki lengur deilt um það hvort leyfi til slíks hefðu verið veitt. Sannanirnar lágu í skjölunum. Úr varð stórfrétt.

Ekki eru skjöl þó alltaf eins spennandi á vettvangi samtímans eða umræðum um farsæla framtíð þjóða. Við vitum það kannski í þessum hópi að fólk á það til að spyrja sig hvort miklu þurfi að kosta til að geyma rykfallin skjöl, og í ofanálag hvort dýrmætum fjármunum skuli varið í að skoða þessu sömu skjöl. Koma þau okkur að einhverju gagni þegar við ferðumst inn í framtíðina?

Góðir áheyrendur! Hér hef ég nefnt mikilvægi þess að skjöl hjálpi okkur við að segja söguna í öllum sínum margbreytileika og forða því þannig að við freistumst til þess að skapa falsmyndir sem koma okkur aðeins í koll þegar fram í sækir. En skjöl eru líka svo mikilvæg fyrir þjóðarímynd, menningararf og heilbrigða ættjarðarást.

Þess vegna var það okkur Íslendingum svo mikil gleðistund þegar handritin komu heim eins og við segjum gjarnan – þegar það samkomulag náðist milli danskra og íslenskra stjórnvalda að stórum hluta þeirra verðmæta sem Árni Magnússon safnaði hér á landi, og bjargaði eflaust frá glötun, yrði skilað hingað. Í Kaupmannahöfn varð þó áfram eftir dágóður skerfur, einkum þau skinnhandrit sem geyma okkar sameiginlega norræna menningararf, frásagnir sem einskorðast ekki við Ísland eða gerast að meginhluta hér á Sögueyjuni.

Með þessum lyktum var vörðuð sú leið að handritin gömlu væru að þessu marki í sameiginlegri vörslu okkar á Norðurlöndum, að það væri sameiginleg ábyrgð okkar að varðveita þau, og sameiginleg skylda okkar – og gleði – að geta rannsakað þau. Þannig höldum við sambandi við fortíðina um leið og við horfum björtum augum til framtíðar.

Það er skynsamleg leið, góðir áheyrendur, kærur norrænu vinir. Ég óska ykkur gæfu og gengis og segi norræna skjaladaga setta hér í Reykjavík.